

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 24. mars 2023

Mál nr. S-389/2022:

Lögrelustjórinn á Norðurlandi eystra
(Eyþór Þorbergsson aðstoðarsaksóknari)
gegn
X
(Friðrik Smáráson)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur

- Mál þetta, sem dómtekið var 13. mars sl., var höfðað með ákæru lögrelustjórans á Norðurlandi eystra, dagsettri 7. október 2022 á hendur X, kt. [...], [...], Akureyri

„fyrir líkamsárás, með því að hafa laugardaginn 4. september 2021, ráðist á þáverandi unnustu sína, Y, kt. [...], á heimili sínu að [...] á Akureyri og rífið í peysu sem hún var í og í hár hennar og kýlt hana í magann, með þeim afleiðingum að hún hlut maráverka og eymsli á kvið, eymsli/verki í höfði, baki og öxlum og sjáanlega skerta hreyfigetu við hálssnúning til vinstri og við að halla höfði til vinstri.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Í málinu gerir Y, kt. [...], [...], Akureyri, bótakröfu á hendur ákærða að fjárhæð kr. 2.000.000-, með vöxtum skv. 8. gr., laga nr. 38/ 2001, um vexti og verðtryggingu frá 4. september 2021 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi var birt fyrir ákærða, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist greiðslu málskostnaðar við að halda fram kröfunni, brotþola að skaðlausu, að viðbættum virðisaukaskatti.“

- Ákærði neitar sök og krefst sýknu, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst ákærði frávísunar einkaréttarkröfu. Loks krefst ákærði hæfilegra málsvarnarlauna verjanda sínum til handa.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- Samkvæmt frumskýrslu lögreglu og öðrum gögnum málsins barst lögreglu tilkynning laugardaginn 4. september 2021 skömmu eftir kl. 17 um að brotþoli hefði orðið fyrir

líkamsárás af hendi fyrrverandi kærasta síns, ákærða í máli þessu. Klukkan 18:06 hafði lögreglumaður nr. A samband við brotaþola, sem skýrði frá því að ákærði hafi sent henni skilaboð þess efnis að hann ætlaði að skaða sjálfan sig. Hún hafi svarað skilaboðunum og reynt að árangurslaust að ná sambandi við ákærða, en hann ekki svarað. Hún hafi þá farið heim til hans að [...]. Eftir að hún hafi margoft bankað á íbúðarhurðina hafi ákærði komið til dyra. Hann hafi verið ölvaður og æstur og ráðist strax á hana, rifið í hár hennar og peysu og kýlt hana í magann. Hún hafi skýrt frá því að vera aum í maganum og höfðinu eftir árásina, en ekki með sjáanlega áverka. Hún hafi verið hvött til að mæta á bráðamóttökuna og farið þangað til skoðunar. Fram kemur að brotaþoli hafi verið grátandi og í uppnámi á meðan á símtalinu stóð. Í kjölfarið var ákærði handtekinn á heimili sínu kl. 18:56 og fluttur á lögreglustöð. Var tekið af honum öndunarsýni sem sýndi 1,83 prómill í blóði.

- 4 Samkvæmt áverkavottorði B lækni, dags. 15. september 2021, var brotaþoli í miklu uppnámi við komu á SAK eftir atvikið. Hún hafi verið með verki í kviðnum og grátbólgin um augu. Ekki hafi sést áverkamerki á kviðnum, en hana hafa verkjað við þreifingu hægra megin við nafla og neðri hluta kviðar. Þá hafi hún verið með aukna verki í höfði, baki og öxlum. Hreyfigeta hafi verið sjáanlega skert við hálsnúning til vinstri. Hún hafi verið stíf í vöðvum meðfram hryggsúlu vinstra megin og haft væg eymsl yfir festum rassvöðva. Ekki hafi sést áverkamerki. Daginn eftir hafi brotaþoli komið á ný og áverkar þá verið orðnir sjáanlegir. Við skoðun hafi verið blátt mar og fyrirferð á húð á kvið og eymsli þar. Ekki hafi verið aðrir sjáanlegir áverkar.
- 5 Þá liggur fyrir vottorð frá D, fjölskyldufræðingi hjá Bjarmahlíð um komu brotaþola til meðferðar þar og lýsingu hennar á einkennum kviða, þunglyndis og streitu í kjölfar árásar af hálfu ákærða.
- 6 Loks liggja fyrir gögn um samskipti ákærðu og brotaþola á samskiptamiðlum fyrir og eftir atvikið. Verður vikið að þeim að því marki sem þýðingu hefur.

Skýrslur fyrir dómi

- 7 Fyrir dómi gáfu skýrslur auk ákærða, Y, brotaþoli, E læknir, lögreglumaður nr. A og G, hjúkrunarfræðingur. Verður nú gerð grein fyrir framburðum þeirra að því marki sem þýðingu hefur.
- 8 *Ákærði* kveður samband hans við brotaþola hafa hafist um áramótin 2020-2021. Gengið hafi vel í þrjá mánuði, en síðan farið að kastast í kekki, samskiptin verið erfið, sambandið orðið eittrað og einkennst af „haltu mér – slepptu mér“ síðustu mánuði. Eftir 4. september 2021 hafi þau verið í samskiptum, en sambandi þeirra verið lokið. Þau hafi aldrei búið saman og eigi engin börn saman. Þau hafi oft hist, farið saman suður á pílumót og æft mikið saman.
- 9 Umræddan dag hafi ákærði verið heima í sóttkví. Hann hafi fengið sér bjór og þau brotaþoli verið að kýta á Messenger. Hann hafi ákveðið að hætta að tala við hana, þar sem samskiptin hafi verið orðin slæm. Skömmu síðar hafi dyrabjöllunni verið hringt, en hann ekki svarað í fyrstu. Síðan hafi brotaþoli komist inn á stigagang og hringt aftur,

hann hafi þá farið fram og sagt að hún kæmi ekki inn til hans. Hún hafi þá spurt glottandi „Hvað ætlarðu að lemja mig?“ og gengið að inngangi íbúðarinnar, en hann hafi stöðvað hana og snúið henni við. Hún hafi síðan gengið á brott og snúið sér glottandi við, en farið síðan. Hann kannist við að hafa rifið í peysu hennar er hann stöðvaði hana, en hann hafi hvorki rifið í hár hennar né kýlt hana í magann. Hann hafi eingöngu verið að varna brotþola inngöngu á heimili sitt. Það sé rangt að hún hafi verið komin þangað vegna þess að hann hafi talað um að skaða sjálfan sig.

- 10 Eftir að honum hafi verið sleppt af lögreglustöðinni hafi hann látið hana vita af því, en hann hafi verið símalaus, þar sem lögreglan hafi lagt hald á síma hans, en átt gamlan síma. Hún hafi farið og útvegað honum SIM kort fyrir þann síma.
- 11 Ákærði kvaðst hafa séð einhvern ganga upp stigann er hann opnaði dyrnar út á gang, en viti ekki hver það var. Hann hafi aðeins séð í fætur hans er hann var að ganga upp stigann. Þegar hann hafi stöðvað ákærðu hafi hún kallað í átt að þeim einstaklingi „æ þú ert að rífa í hárið á mér!“ Ákærði kvaðst fyrst hafa talið manninn sem gengið hafi upp stigann vera F nágranna sinn og tjáð lögreglu það, en það hafi verið ágiskun sem ekki hafi verið rétt.
- 12 Ákærði kvaðst ekki láta stjórna sér, en brotþoli hafi reynt það. Þegar hann hafi ekki látið að stjórn hafi brotþoli reynt að kúga hann, t.d. notað óspart gegn honum að hann hafi keypt bíl af tengdasyni hennar, sem ákærði hafi ekki getað greitt í einu lagi, en hann hafi verið skráður á nafn brotþola þar til ákærði hefði greitt hann að fullu. Ákærða hafi þótt vænt um bílinn og brotþoli notað þetta gegn honum. Á endanum hafi vinnuveitandi ákærða keypt bílinn til að leysa málið.
- 13 Í samskiptum þeirra á milli eftir atvikið hafi brotþoli sagt að hún ætlaði ekki að kæra hann. Þau hafi hist á bílastæði fyrir utan heimili ákærða, þar sem hann hafi ekki viljað fá hana inn, en hann hafi verið í sóttkví. Hún hafi komið með bakkelsi til hans. Hann hafi ekki upplifað að hún væri hrædd við hann.
- 14 Ákærði kvaðst starfa sem gröfumaður og hafi gert sl. 5 ár.
- 15 Aðspurður kvað ákærði það rétt sem haft sé eftir honum í lögregluskýrslu að brotþoli hafi fyrst hörfað niður stigann, en svo snúið við og gert sig líklega til að fara inn í íbúðina. Ákærði kannast ekki við að hafa sagt lögreglu að hann hafi rifið í hár brotþola, hann hafi tekið í báðir axlir ákærðu, snúið henni við og ýtt varlega á eftir henni. Hann hafi haldið í peysuna nálægt hnakka.
- 16 Ákærði kvað ekki hafa komið til átaka við brotþola áður. Þau hafi einu sinni farið í hálfgerðan gamni slag, sem hafi gengið of langt, en engin leiðindi hlotist af því.
- 17 Y, brotþoli, kvað samband aðila hafa hafist í mars 2021. Því hafi verið lokið áður en atvik þessa máls gerðust. Sambandið hafi verið erfitt. Ákærði hafi verið drykkfelldur. Þau hafi aðallega hist á kvöldin, hún hafi heimsótt hann. Ákærði hafi beitt hana andlegu ofbeldi, hann hafi viljað stjórna lífi hennar. Umrætt kvöld hafi hann sent henni skilaboð og sagt að ef eitthvað kæmi fyrir hann vildi hann að sonur sinn myndi erfa bíl hans. Hún hafi óttast að hann ætlaði að skaða sig, hún hafi reynt að hafa samband við móður hans,

en ekki gengið og hafi því farið heim til hans. Hún hafi komist inn í stigaganginn, ákærði hafi komið fram og verið mjög reiður og kýlt hana í kviðinn. Hún muni ekki til þess að hann hafi rifið í hár hennar í umrætt sinn, en hann hafi gert það áður. Eftir þessa framgöngu ákærða hafi hún haldið á brott. Þau hafi verið í samskiptum eftir þetta í stuttan tíma og hist sjaldan. Hann hafi ætlað að fá hana til að kæra þetta ekki og orðið mjög reiður þegar hann hafi áttað sig á að málið héldi engu að síður áfram. Hún muni ekki hve lengi þau hafi verið í samskiptum eftir þetta.

- 18 Hún hafi verið með marblett á kviðnum eftir högg ákærða. Hún hafi farið daginn eftir á sjúkrahúsið og þá verið tekin mynd. Marbletturinn hafi verið í þrjár vikur. Hún hafi verið með verki lengi á eftir. Andleg líðan sé slæm eftir þetta, en á uppleið.
- 19 Hún hafi farið til hans, þrátt fyrir að hann væri í sóttkví, þar sem hún hafi óttast að hann ætlaði að skaða sig.
- 20 Brotapoli kannaðist við að hafa haft frumkvæði að samskiptum aðila eftir þetta atvik. Hún kvaðst halda að hún hafi alltaf verið hrædd við ákærða. Samt hafi hún viljað hitta hann.
- 21 Brotapoli kvaðst hafa verið í öðru sambandi mánuði áður en hún hóf samband með ákærða. Hún hafi einnig orðið fyrir áföllum í því sambandi, en ekki hafi verið lagðar hendur á hana þar.
- 22 Brotapoli kvaðst vera öryrki, en hún hafi verið á annarri önn í viðskiptafræðinámi. Hún hafi hætt náminu eftir þetta.
- 23 *Lögreglu maður nr. A*, vitnið staðfestir frumskýrslu sína í málinu. Vitnið kveður fjarskiptamiðstöð hafa haft samband við sig og hann hafi síðan hringt í brotþola umrætt kvöld. Hún hafi verið grátandi og virst í uppnámi.
- 24 *E.* Vitnið staðfestir áverkavottorð, sem unnið var upp úr nótum hennar í málinu. Hún kveðst hafa skoðað brotþola sjálf. Við fyrstu skoðun hafi engir sýnilegir áverkar verið á brotþola, en daginn eftir hafi verið sýnilegt mar, hægra megin á nafla við kvið. Brotþoli hafi ekki lýst frekari áverkum.
- 25 *G*, hjúkrunarfræðingur og ráðgjafi hjá Aflinu, kvað brotþola hafa verið með mikil áfallaeinkenni þegar hún hafi komið til hennar í ráðgjöf. Hún hafi verið óörugg, kvíðin og lokað sig mikið af. Áður hafi hún verið virk í félagsstarfi. Hún hafi óttast ákærða. Hún sé á batavegi í dag, en lítið þurfi til að óttinn vakni upp aftur. Í upphafi hafi brotþoli viljað hjálpa ákærða, hún sé mjög meðvirk. Síðan hafi hún áttað sig á því að hún gæti það ekki.
- 26 Aðspurð hvers vegna brotþoli hafi ekki leitað til Aflsins fyrr en í júní 2022, segir vitnið brotþola fyrst hafa talið sig geta komist í gegnum þetta sjálfa. Hún hafi leitað til Bjarmahlíðar og þar verið bent á Aflið. Mál hennar hafi týnst í mannabreytingum hjá Bjarmahlíð og því dregist að hún fengið aðstoð.
- 27 Aðspurð kvað vitnið brotþola hafa rætt fleiri áföll við sig, m.a. vegna fyrra sambands. Hún eigi langa sögu um meðvirkni.

Forsendur og niðurstaða

Sönnun og heimfærsla

- 28 Aðilum ber saman um að til átaka hafi komið á milli þeirra í umrætt sinn, sem hafi verið með þeim hætti að ákærði hafi beitt valdi er hann vísaði brotþola á brott úr húsinu. Þeim ber hins vegar ekki saman um hvort ákærði hafi í átökunum viðhaft þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru. Engin vitni urðu að átökum ákærða og brotþola, sem ber ekki saman um atvik málsins. Ræðst sönnun í málinu fyrst og fremst af mati á munnlegum framburðum þeirra og því hvort framburðirnir fái stoð í öðrum gögnum málsins.
- 29 Ákærði hefur staðfastlega neitað sök í málinu. Ákærði byggir á því að hann hafi einungis verið að varna brotþola inngöngu, er hún hafi komið óboðin að heimili hans og ætlað þar inn gegn vilja ákærða. Hún hafi ögrað honum og hann beitt valdi til að snúa henni við og ýta henni áleiðis út. Hann kunni að hafa snert hár hennar og komið við hnakkann, er hann hafi tekið í peysu hennar og um axlir og ýtt henni út. Framburður ákærða hefur verið stöðugur frá upphafi máls og framburður hans fyrir dómi var ekki ótrúverðugur.
- 30 Framburður brotþola hefur að sama skapi verið stöðugur frá upphafi og var framburður hennar fyrir dómi trúverðugur. Þykir það ekki veikja framburð hennar að hún hafi ekki munað skýrt hve miklum samskiptum hún hafi verið í við ákærða eftir atvikið eða hversu lengi, en hún skýrði frá því að þau hafi átt í samskiptum og kannaðist við að hún hafi átt frumkvæði í þeim efnum. Gaf hún þá skýringu að þrátt fyrir ótta við ákærða hafi hún verið meðvirk og vonað að hlutirnir gætu lagast þeirra á milli. Var framburður hennar ýkjulaus og bar ekki þess merki að hún leitaðist við að gera hlut ákærða verri eða fullyrða um hluti sem hún væri ekki örugg um, t.d. kvaðst hún ekki muna til þess að ákærði hafi rífið í hár hennar í umrætt sinn, þrátt fyrir að á því væri byggt í ákæru. Þar hafi verið um annað atvik að ræða.
- 31 Framburðir aðila einir sér geta samkvæmt framansögðu ekki ráðið úrslitum í málinu. Framburður brotþola fær stoð í áverkavottorði og vætti E læknis, sem skoðaði hana í umrætt sinn, en staðfest er að brotþoli var með maráverka á kviði daginn eftir atburðinn, sem samræmist frásögn hennar um að ákærði hafi kýlt hana í magann. Þá styður það einnig framburð brotþola að hún hafði samband við lögreglu þegar í stað eftir atvikið. Samkvæmt vætti lögreglumanns nr. A var brotþoli grátandi og í uppnámi er hann ræddi við hana um kvöldið eftir atburðinn. Hið sama kemur fram um ástand brotþola í áverkavottorði. Ennfremur styður framburður G, hjúkrunarfræðings, frásögn brotþola. Loks fær frásögn brotþola stuðning í samskiptum sem liggja fyrir í málinu á milli ákærða og brotþola eftir atvikið, en hún daginn eftir atvikið sendi hún ákærða m.a. eftirfarandi skilaboð: „Eins mikið og ég er ástfangin af þér og elska þig mikið þá höndla ég ekki þennan virka alka. Kviðurinn er marinn. Ég get ekki leyft neinum að leggja á mig hendur, aldrei. Boltinn er eiginlega hjá þér, hvort þú viljir taka á þínum málum, drykkju og andlegri heilsu.“ Ennfremur kvaðst hún ekki hafa tekið ákvörðun um hvað hún ætli að gera, en henni hafi verið úthlutað lögfræðingi [réttargæslumanni]. Nokkrum dögum síðar eru m.a. samskipti þeirra á milli um framhald málsins, þ.m.t. að hún hafi ekki ætlað

að fylgja kærinni eftir, en þar sem atvikið sé skilgreint sem heimilisofbeldi muni lögreglan engu að síður fylgja málinu eftir. Hvergi kemur fram af hálfu ákærða að brotþoli fari með rangt mál.

- 32 Samkvæmt heildstæðu mati á öllu framansögðu telur dómurinn hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gengið lengra í valdbeitingu sinni gagnvart brotþola en hann hefur viðurkennt og gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru, að því undanskildu að upplýst hefur verið fyrir dómi að hann hafi ekki rifið í hár brotþola og að hún hafi ekki verið unnusta hans á þessum tíma. Verður ákærði sakfelldur í samræmi við það. Er háttsemi ákærða réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákvörðun refsingar, úrlausn einkaréttarkröfu og sakarkostnaður

- 33 Sakaferill ákærða hefur ekki þýðingu hér. Við ákvörðun refsingar er litið til 6. og 7. tl. 1. mgr. 70. gr. hgl., en atлага ákærða var minniháttar og tilefni valdbeitingar hans var að varna brotþola inngöngu á heimili hans. Ákvæði 3. mgr. 70. gr. hgl. þykir ekki eiga við í málinu, en upplýst var fyrir dómi að samband aðila hafi einungis staðið um nokkurra mánaða skeið, verið stopult og stormasamt og því hafi verið lokið er atvik málsins urðu. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga, sem rétt þykir að binda skilorði eins og í dómsorði greinir.
- 34 Brotþoli á rétt á miskabótum samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Minniháttar líkamstjón varð af atlögu ákærða. Samkvæmt vætti brotþola og G, hjúkrunarfræðings, hefur brotþoli glímt við andlegar afleiðingar í kjölfarið, áfallastreituröskun og kvíða, sem jafnframt er að rekja til annarra áfalla. Gögn málsins eru á reiki um ótta sem brotþoli kveðst hafa upplifað gagnvart ákærða og áhrif atviksins á félagslega virkni brotþola, en af samskiptum þeirra eftir atvikið verður ráðið að brotþoli hafi áfram verið félagslega virk og þau ákærði verið í jákvæðum samskiptum fyrst um sinn eftir atvikið, þar til brotþoli dró sig úr þeim. Með hliðsjón af framansögðu, atvikum málsins að öðru leyti og dómaframkvæmd í sambærilegum málum þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 300.000 krónur ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir. Miðast upphafstími dráttarvaxta við 13. maí 2022, er liðnir voru 30 dagar frá þeim degi. Þá verður ákærða gert að greiða brotþola málskostnað vegna starfa lögmanns bótakrefjanda, Júlíar Óskar Antonsdóttur, sem með hliðsjón af umfangi málsins þykir hæfilega ákvarðaður eins og í dómsorði greinir að meðtöldum virðisaukaskatti.
- 35 Í samræmi við úrslit málsins og 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála verður ákærða gert að greiða allan sakarkostnað, þ.m.t. útlagðan sakarkostnað 36.135 krónur, auk málsvarnarlauna verjanda síns Friðriks Smárásonar lögmanns, og þóknunar Júlíar Óskar Antonsdóttur lögmanns, tilnefnds réttargæslumanns á rannsóknarstigi, sem ákveðin eru með hliðsjón af umfangi málsins og tímaskýrslu lögmannanna eins og greinir í dómsorði að virðisaukaskatti meðtöldum.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Eyþór Þorbergsson, aðstoðarsaksóknari.

Hlynur Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu þessa dóms haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði brotþola, Y, 300.000 krónur í miskabætur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 4. september 2021 til 13. maí 2022, en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags, auk 322.524 króna í málskostnað.

Ákærði greiði sakarkostnað málsins, þ.e. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Friðriks Smárásonar lögmanns, 949.158 krónur, og þóknun Júlíar Óskar Antonsdóttur, lögmanns, tilnefnds réttargæslumanns brotþola á rannsóknarstigi, 271.188 krónur, auk 36.135 króna í útlagðan sakarkostnað.